



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík  
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835  
Símar: +3545677111/ +3548599711  
Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)  
Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/493*  
*komudagur 25.11.2011*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræt 8 – 10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Landssambands eldri borgara um 21. mál, þingsályktunartillaga um árlegar heimsóknir til eldri borgara.

Verulega skortir á það að þjónustu við eldri borgara sé sinnt eins og æskilegt væri. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni þá hefur ekki verið boðið upp á nægilega þjónustu í þá átt að gera fólki kleift að búa sem lengst heima, þó það hafi lengi verið stefna stjórnvalda. Þar hafa efndir ekki fylgt orðum. Með meiri heimþjónustu en nú er veitt má örugglega spara fé í þessum málum. Það er því til bóta að koma á reglulegum heimsóknum til eldri borgara til að fylgjast með hvar sé þörf fyrir þjónustu. Það er að vísu mismunandi hvernig ástand er á fólki og fer ekki eftir aldri, en einhversstaðar verður að setja aldursmörkin. Það mætti líka byrja á því að hringja til fólks og athuga hvort það vill fá heimsókn, því þetta má heldur ekki verða til að taka sjálfræði af fólki. Þá leggur LEB áherslu á að komið verði á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) fyrir aldraða jafnt sem fatlaða.

Reykjavík 24.nóvember 2011

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB